



Opíð hús

HJÁ SKÓLASKRIFSTOFU
MOSFELLSBÆJAR

Vitund um læsi í víðum skilningi

Miðvikudaginn 31. október klukkan 20 verður fyrsta opna hús vetrarins hjá Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar.

Í nýjum aðalnámskrám leik- og grunnskóla er horft til 6 lykilþátta og er einn af þeim læsi. Við höfum fengið til liðs við okkur **Stefán Jökulsson lektor** á Menntavísindasviði Háskóla Íslands til að fjalla um þetta efni og það hvernig það snýr að foreldrum.

Læsi hefur löngum tengst þeirri kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur og skilið prentaðan texta. Stefán ræðir hins vegar um læsi í breyttu samskiptaumhverfi þar sem stafrænir miðlar og mörg táknerfi koma við sögu.

Hvað merkir það að vera læs og skrifandi í slíku umhverfi? Hvernig högum við skólastarfi þar sem tungumálið er í sambýli við aðra tjáningarmiðla sem gegna mikilvægu hlutverki í námi, starfi og lýðræðisþátttöku fólks?

Áhugavert innleg um málefni sem allir er koma að uppeldi barna þurfa að huga að.



MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 | mos@mos.is
www.mos.is

Opnu húsin hjá Skólaskrifstofu eru alltaf haldin síðasta miðvikudag í mánuði yfir veturinn, í Listasal Mosfellsbæjar frá klukkan 20 - 21. Athugið að gengið er inn austan megin (Háholtsmegin).

Aðgangur er ókeypis og öllum opin.
Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar



[Viltu deila þessu á Facebook?](#)